

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Folsyra Evolan 5 mg töflur fólínsýra

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafraeðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Folsyra Evolan og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Folsyra Evolan
3. Hvernig nota á Folsyra Evolan
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Folsyra Evolan
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Folsyra Evolan og við hverju það er notað

Folsyra Evolan inniheldur fólínsýru, gerð af B-vítamíni sem er nauðsynleg fyrir eðlilega blóðmyndun. Venjuleg fæst nægjanleg fólínsýra með fæðuinntöku, en við ákveðnar aðstæður getur verið þörf á fólínsýru til viðbótar. Langtíma skortur á fólínsýru getur komið fram sem ákveðin gerð af blóðleysi. Folsyra Evolan er notað til að lækna eða koma í veg fyrir skort á fólínsýru.

2. Áður en byrjað er að nota Folsyra Evolan

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Folsyra Evolan:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir fólínsýru eða einhverju öðru innihaldsefni Folsyra Evolan (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Aðeins má nota Folsyra Evolan samkvæmt ávísun frá lækni, þar sem fólínsýra getur dulið skort á B₁₂-vítamíni.

Notkun annarra lyfja samhliða Folsyra Evolan

Látið lækinn eða lyfjafraeðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Verkun meðferðarinnar getur orðið fyrir áhrifum ef lyfið er notað samtímis öðrum lyfjum. Þetta á aðallega við um ákveðin flogaveikilyf, þunglyndislyf og sykursýkislyf og cholestyramin (við háum blóðfitugildum), getnaðarvarnartöflur og ákveðin sýklalyf. Þú verður að láta lækinn vita ef þú notar eitthvert þessara lyfja.

Meðganga, brjóstagið og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstagið, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafraeðingi áður en lyfið er notað.

Ekki hefur verið sýnt fram á neikvæð áhrif á fóstur.

Folsyra Evolan berst í brjóstamjólk, en ekki er líklegt að það hafi áhrif á barn sem er á brjósti.

Akstur og notkun véla

Folsyra Evolan hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Folsyra Evolan inniheldur mjólkursykur (laktósa)

Ef óþol fyrir sykrum hefur verið staðfest skal hafa samband við lækni áður en lyfið er tekið inn.

3. Hvernig nota á Folsyra Evolan

Notið Folsyra Evolan alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Venjulegur dagskammtur hjá fullorðnum með blóðleysi vegna fólínsýrskorts er ein 5 mg tafla á dag í tvær vikur, eftir það er skammturinn venjulega minnkaður í eina 1 mg töflu á dag, þó þörf geti verið á stærri skammti ef fólínsýrskortur er viðvarandi. Þar sem Folsyra Evolan er ekki fáanleg í 1 mg styrkleika skal nota annað lyf.

Venjulegur skammtur hjá börnum: Fyrir börn, 10-18 ára, með fólínsýrskort er notuð ein 1 mg tafla á dag. Þar sem Folsyra Evolan er ekki fáanlega í 1 mg styrkleika skal nota annað lyf.

Fyrirbyggjandi meðferð áður en þungun verður og á meðgöngu, notið Folsyra Evolan eins og læknirinn hefur ráðlagt.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið tekinn, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Þegar Folsyra Evolan er notað geta sumir sjúklingar fundið fyrir aukaverkunum.

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

Sjaldgæfar (geta komið fyrir allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

Koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum)

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

Mjög sjaldgæfar: kláði, húðútbrot, ofsakláði.

Tíðni ekki þekkt: alvarleg ofnæmisviðbrögð (bráðaofnæmisviðbrögð).

Tilkynning aukaverkana

Látið læknum eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Folsyra Evolan

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Geymið við lægri hita en 25°C.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Folsyra Evolan inniheldur

- Virka innihaldsefnið er 5 mg af fólínsýru í hverri töflu.
- Önnur innihaldsefni eru laktósaeinhýdrat, sellulósi á duftformi, talkúm, vatnsfrí kísilkvoða, magnesíumsterat.

Lýsing á útliti Folsyra Evolan og pakkningastærðir

Folsyra Evolan eru gular til gul-appelsínugular, doppóttar, kringlóttar töflur, kúptar öðrum megin með deiliskoru á annarri hliðinni og 7 mm í þvermál.
Töflunni má skipta í jafna skammta.

Pakkningastærðir eru 100 og 105 töflur (þynnur) og 1.000 töflur (plastglas).

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Evolan Pharma AB
Box 120
182 12 Danderyd
Svíþjóð

Framleiðandi

S.C. Laropharm S.R.L.
145 A Alexandriei street,
Bragadiru, Ilfov,
Rúmenía

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið

LYFIS ehf.
Sími: 534 3500
Netfang: lyfis@lyfis.is

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ágúst 2019.